



Reykjavíkurborg
Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri
Reykjavíkurborgar
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@dmr.is dmr.is

Reykjavík 23. maí 2018
Tilv.: DMR17120058/5.12.0

Ráðuneytið vísar til bréfs Reykjavíkurborgar til ráðuneytisins, dags. 22. maí sl., sem ber yfirskriftina, „aðgerðir til að auka kjörsókn tiltekinna hópa og rannsókn tengd hluta af þeim aðgerðum“.

Í bréfinu kemur fram að fyrirhugað sé að senda bréf til ungra kjósenda sem skipt verði í fimm hópa eftir kjördeildum. Meta á áhrif bréfanna á kjörsókn án þess að rannsakendur eða Reykjavíkurborg hafi á nokkru stigi persónugreinanlegar upplýsingar um kjörsókn undir höndum. Öll meðhöndlun persónugreinanlegra upplýsinga um kjörsókn verði hjá Hagstofu Íslands á grundvelli lögboðinna skyldna Hagstofunnar til að vinna með þessar upplýsingar óháð aðgerðunum eða rannsókninni.

Þá kemur fram að senda eigi sms skilaboð til ungra kjósenda þar sem þeir verða upplýstir um að þeir eigi kosningarrétt, hvar þeirra kjörstaður er, það sé auðvelt að kjósa en muna þurfi eftir skilríkjum. Þessum einstaklingum verði skipt í hópa eftir kjördeildum en helmingur þeirra fái sms skilaboðin en hinn ekki.

Senda eigi bréf til innflytjenda og kvenna yfir áttæðu með svipuðum hætti og til ungra kjósenda. Þau bréf séu hins vegar ekki hluti af umræddri rannsókn. Verði þessum einstaklingum ekki skipt í hópa og fái allir þessir kjósendur sama bréf. Að lokum kemur fram í bréfi Reykjavíkurborgar að í ljósi þess að það inngrip sem um ræðir sé mjög takmarkað og snúi að afmörkuðum samskiptum við kjósendur sé torvelt að upplýsa alla þessa aðila um vinnsluna nema með frekari samskiptum sem yrðu bæði kostnaðarsöm og myndu rýra upplýsingagildi niðurstaðna rannsóknarinnar. Þá hafi Vísindasiðanefnd Háskóla Íslands fjallað um þetta tiltekna atriði og metið það í samræmi við vísindasiðareglur og gefið rannsókninni jákvæða umsögn.

Með bréfi Persónuverndar til ráðuneytisins og umboðsmanns Alþingis, dags. 18. maí 2018, var gerð grein fyrir erindi Reykjavíkurborgar til Persónuverndar varðandi umrædda rannsókn og aðgerðir til að auka kjörsókn tiltekinna hópa. Í ljósi þess að um væri að ræða vinnslu persónuupplýsinga sem fram fari samhliða kosningum taldi Persónuvernd að reynt gæti á ákvæði kosningalöggjafar. Taldi stofnunin því rétt að vekja athygli dómsmálaráðuneytisins á málinu. Með bréfi Persónuverndar til ráðuneytisins fylgdu m.a. ljósrít af bréfum sem senda á ungum kjósendum í umræddri rannsókn. Í bréfi Reykjavíkurborgar til Persónuverndar frá, 3. maí sl., sem fylgdi bréfi Persónuverndar til ráðuneytisins, kemur fram að með umræddri rannsókn verði metnir áhrifaþættir sem skipta máli fyrir kjörsókn. Því fái hluti ungra kjósenda bréf með mismunandi texta en aðrir engin bréf. Metin verða áhrif hins mismunandi texta á kjósendurna sem og áhrif þess að fá ekki slíkt bréf. Við skoðun á

bréfunum verður ekki séð að fram komi að þeir sem þau fái séu andlag rannsóknar á kosningabátttöku. Gildir það sama um sms skilaboðin sem senda á. Þá er í einu bréfanna að finna villandi upplýsingar þar sem kveðið er á um að það sé borgaraleg skylda að kjósa.

Telur ráðuneytið að ekki verði hjá því komist að benda Reykjavíkurborg á framangreind atriði.

Fyrir hönd ráðherra



Haukur Guðmundsson



Bryndís Helgadóttir

Ljósrit: Persónuvernd
Rauðarárstíg 10
105 Reykjavík

Umboðsmaður Alþingis
Templarasundi 5
101 Reykjavík

Hagstofa Íslands
Borgartúni 21a
150 Reykjavík

Yfirkjörstjórn í Reykjavík
Eva Helgadóttir